

Ráðningarsamningur bæjarstjóra

Garðabær, kt. 570169-6109, í samningi þessum einnig nefndur sveitarfélagið og Almar Guðmundsson, kt. 030572-2979, í samningi þessum einnig nefndur bæjarstjóri, gera með sér eftifarandi ráðningarsamning um starf bæjarstjóra.

1. Ráðning, hlutverk

- 1.1 Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar þann 2. júní 2022 var Almar Guðmundsson, kt. 030572-2979, ráðinn í starf bæjarstjóra Garðabæjar kjörtímabilið 2022 - 2026.
- 1.2 Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ber ábyrgð á að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna. Nánar er hlutverki bæjarstjóra lýst í 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. einnig 57. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar.

2. Starfskjör bæjarstjóra

- 2.1 Garðabær skal greiða bæjarstjóra föst mánaðarlaun sem nema kr. 2.194.168. Fjárhæð launa skal taka breytingum 1. júní ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu sem útgefin er af Hagstofu Íslands og miða skal við grunnvísitölu júnímánaðar 2022.
- 2.2 Laun samkvæmt tl. 2.1 skulu greidd í sex mánuði eftir að starfi lýkur.
- 2.3 Garðabær greiðir bæjarstjóra bifreiðastyrk vegna afnota af eigin bifreið í þágu starfsins sem miðast við 10.000 km á ári eða 833,33 km á mánuði. Akstursgjald nemur nú kr. 127 á ekinn km samkvæmt auglýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins nr. 1/2022. Mánaðarlegur bifreiðastyrkur nemur kr. 105.832.
- 2.4 Garðabær greiðir mótframlag af föstum launum skv. tl. 2.1 í lífeyrissjóð sem nemur 11,5%. Á sama hátt greiðir bæjarstjóri 4% af sama grunni.
- 2.5 Iðgjöld af almennri slysatryggingu greiðir Garðabær, nú samkvæmt samningi bæjarins og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
- 2.6 Sem kjörinn bæjarfulltrúi fær Almar Guðmundsson að auki greidd laun samkvæmt samþykkt um laun fyrir störf í bæjarstjórn Garðabæjar frá 2. mars 2017. Kjörnum bæjarfulltrúa er óheimilt að afsala sér greiðslu launa fyrir setu í bæjarstjórn samkvæmt 4. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. Háttsemi

- 3.1 Samningsaðilar eru sammála um að siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Garðabæ skuli samkvæmt samningi þessum einnig skoðast sem siðareglur fyrir embætti bæjarstjóra og ber honum að virða siðareglurnar í hvívetna.
- 3.2 Háttsemi eða verknaður sem leitt getur til fyrirvaralausrar uppsagnar á samningi þessum af hálfu Garðabæjar eru:
 - Ef bæjarstjóri hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.
 - Missir fjárrorrædis bæjarstjóra.
 - Siðferðislega ámælisverð háttsemi bæjarstjóra sem væri í algerri andstöðu við það hátterni og viðmót sem ætlast er til að bæjarstjóri Garðabæjar sýni af sér og til þess fallin að hafa verulega neikvæð áhrif á sveitarfélagið.

Í tilvikum sem þessum kemur ekki til greiðslu launa samkvæmt tl. 2.2

BK. AK

4. Annað


- 4.1 Samningur þessi er gerður samkvæmt 54. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er gildistími hans sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Á samningstímanum skal gilda sex mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur, sbr. þó tl. 3.2.

Samningur þessi er samþykkjur og undirritaður á fundi bæjarráðs Garðabæjar 7. júní 2022 og verður lagður fram til staðfestingar á fundi bæjarstjórnar 16. júní 2022.

Garðabæ, 7. júní 2022



Björg Fenger,
formaður bæjarráðs.



Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.